



## RÝNI STJÓRNENDA 2023-2024

---



Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra  
Rýni stjórnenda veturinn 2023-2024

Inngangur .....	3
1. Niðurstöður frá fyrri rýni stjórnenda.....	4
2. Niðurstöður innri úttekta .....	4
3. Endurgjöf frá viðskiptavinum (og notendum) .....	5
4. Frammistaða ferla, samræmi vöru, útskrift áfanga og útskrift námskeiða.....	6
5. Úrbætur .....	7
6. Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda .....	9
7. Breytingar sem gætu haft áhrif á gæðastjórnunarkerfið (þ.m.t. gæðastefna og markmið) .....	9
8. Tillögur um umbætur .....	10
9. Sóknarfæri .....	10
10. Aðgerðalisti .....	11

## Inngangur

Í gæðakerfi skólans, sem hlotið hefur vottun á ISO9001:2015, fer fram rýni stjórnenda að loknu hverju skólaári. Kröfur staðalsins eru þær að rýni fari fram með fyrir fram ákveðnu millibili til að tryggja að gæðastjórnunarkerfið sé fullnægjandi og markvirkt. Niðurstöður rýninnar skulu innihalda ákvarðanir og aðgerðir sem tengjast tækifærum til umbóta, hvers kyns þörf á breytingum á gæðastjórnunarkerfinu og þörfum varðandi auðlindir.

Vinnsla rýni stjórnenda fyrir skólaárið 2023-2024 náði yfir nokkrar vikur. Fyrsti fundur var haldinn 11. september, annar fundurinn þann 18. september og lokafundur þann 11. nóvember. Fundurinn fór fram á skrifstofu skólameistara. Mættir voru Hafdís Einarsdóttir gæðastjóri, Þorkell V. Þorsteinsson settur skólameistari, Kristján Bjarni Halldórsson aðstoðarskólameistari, Íris Helma Ómarsdóttir áfangastjóri og Grétar Karlsson verkefnastjóri innra mats.

Í skýrslu fundarins er farið yfir helstu atriði í hverjum kafla og aðgerðir ákvarðaðar. Þessar aðgerðir eru teknar saman á aðgerðalista í lok þessarar fundargerðar. Skýrslan er vistuð á sameiginlegu drifi starfsfólks, á viðeigandi lykil í málalyklinum GoPro og loks birt á heimasíðu skólans.

## 1. Niðurstöður frá fyrri rýni stjórnenda

Rýni stjórnenda fyrir haustönn 2022 var framkvæmd að vori 2023. Niðurstöður hennar sýndu þörf á að vinna að eftirfarandi úrbótum:

- Fylgja eftir frávikum úr innri úttektum vorannar
- Halda áfram með innri úttektir samkvæmt plani
- Kynna gæðahandbók fyrir starfsfólki á fundi
- Kynna gæðastefnu fyrir starfsfólki og fá athugasemdir
- Kynna flokkun skjala fyrir starfsfólki sem og að senda leiðbeiningar um staðsetningu gæðahandbókar.
- Þróun námsmats, endurskrifa þarf öll skjöl sem tengjast námsmati
- Rekstrarhandbók þarf að birta á heimasíðu
- Gera hagaðilagreiningu ítarlegra
- Athuga með pósthólf gæðastjóra
- Tryggja útgefin skjöl
- Öll skjöl sem varða skjöl og skrár þarf að lesa yfir og laga
- Halda gæðakerfinu virku áfram og efla enn frekar
- Kynna hnapp á heimasíðu betur

## 2. Niðurstöður innri úttekta

Í september var unnið að því að fylla út í Vinnuumhverfisvísi Vinnueftirlitsins þar sem starfsfólki var skipt í hópa eftir starfssviði og starfsumhverfi. Gæðastjóri vann úr niðurstöðunum og lagði fyrir Öryggisnefnd skólans. Úr varð úrbótaáætlun sem stjórnendur og starfsfólk vann úr á skólaárinu.

Í desember var heimasíða rýnd handahófskennt samhliða annarri vinnu gæðastjóra. Þá sendi hann stjórnendum og verkefnastjóra heimasíðu athugasemdir í tölvupósti. Gæðastjóri útbjó síðar úrbótaáætlun með þeim athugasemdum sem hann skráði hjá sér. Vinnan við úrbætur hófst óformlega í desember og stendur enn yfir.

Í janúar 2024 fór fram innri rýni þar sem skoðuð voru þau skjöl og þeir ferlar sem við koma kennslu.

Í mars fór fram viðhaldsúttekt á ISO9001:2015 og stóðst skólinn vottunina.

### 3. Endurgjöf frá viðskiptavinum (og notendum)

Innra mat við FNV er að mestu unnið af sjálfsmatsnefnd. Skólaárið 2023-2024 skipa Grétar Karlsson, verkefnisstjóri sjálfsmats, Ágúst Ingi Ágústsson, Guðrún Helga Tryggvadóttir og Fannar Pétursson nefndina. Nefndin fer yfir niðurstöður innra mats í byrjun hausts og skilar tillögum að úrbótum til gæðaráðs sem tekur þær til umfjöllunar í þessari skýrslu.

Lagðar eru fyrir kannanir samkvæmt matsáætlun og skoðuð fyrirbyggjandi gögn s.s. niðurstöður *Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar*, tölur frá Hagstofu Íslands, tölur úr upplýsingakerfi Innu og kannanir Sameykis. Aðrar kannanir er lagðar fyrir ef og þegar tilefni þykir til.

#### **Áfangakönnun á haustönn 2023 fór fram á tímabilinu 29. nóvember til 13. desember.**

Styrkleika er að finna í að nemendur telja kennara útskýra efnið vel í tímum, kennara hlusta á spurningar nemenda og bregðast vel við þeim og telja sig bera ábyrgð á eigin námi.

Helstu veikleikana má finna í að nemendur telja kennara ekki beita fjölbreyttum kennsluaðferðum og finnst kennarar hvorki hvetja nemendur til að hugsa á gagnrýnninn hátt né til að tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

#### **Áfangakönnun á vorönn 2024 fór fram á tímabilinu 22. apríl til 12. maí.**

Styrkleika er að finna í að nemendur telja sig taka virkan þátt í kennslustundum og bera ábyrgð á eigin námi, kennara hvetja nemendur til sjálfstæðra vinnubragða og hlusta á spurningar nemenda og bregðast vel við þeim og skipulag vörðudaga vera gott.

Helstu veikleikana má finna í að nemendur telja moodle síðu ekki gagnlega og kennara ekki beita fjölbreyttum kennsluaðferðum. Þá telja nemendur í mörgum hópum kennara ekki útskýra námsefnið vel og ekki hvetja sig til að gera sitt besta og telja sig ekki fá leiðbeinandi mat um stöðu sína í áfanganum.

Í gæðastefnu skólans segir að gæðamarkmiði sé náð ef 80% nemenda í 80% hópa séu sammála því að áfanginn sé góður.

#### **Sameyki – Stofnun ársins 2023.**

Starfsmannakönnun Sameykis var lögð fyrir á haustönn 2023 af Gallup.

Styrkleika er að finna í að fleiri telja umræðu um skólann jákvæða og að það sé skýrt til hvers yfirmaður þeirra ætlast til af þeim.

Veikleika er að finna í að færri telja laun starfsfólks skólans ákveðin af og sanngirni og ánægja með tölvu- og tækjabúnað minnkar.

**Skólapúlsinn** var lagður fyrir á vorönn 2024 á tímabilinu 3. apríl til 5. maí. Svarhlutfall var 73,7%.

Helstu styrkleikar eru að nemendur skólans upplifa meiri vellíðan, eru hamingjusamari og minna kvíðnir en nemendur í öðrum skólum. Í öllum þessum þáttum er marktækur munur á niðurstöðum skólans og landsmeðaltali og mikil jákvæð breyting frá síðustu könnun.

Helstu veikleikar eru að nemendur skólans eru meira fjarverandi án leyfis og upplifa minna jafnrétti innan skólans en nemendur annarra skóla.

Sjálfsmatsnefnd skólans fékk niðurstöður kannananna og vann eftirfarandi úrbótatillögur í samstarfi við gæðastjóra:

1. Að þróa, í samstarfi við nemendafélagið, einfalda könnun um skólabrag.
2. Að árlega sé tekinn tími fyrir kennara til að miðla fjölbreyttum kennsluaðferðum sín á milli
3. Að í upphafi skólaárs sé sent myndband á starfandi kennara þar sem koma leiðbeiningar um hvernig fyrirmyndar-síða lítur út?
4. Að settir verði á umsjónarkennarar sem eru með afmarkaða hópa og bregðast við í samstarfi við stuðningsnet skólans.
5. Kynna fyrir nemendum hvernig tilkynna megi einelti, áreiti eða annað ofbeldi.

Gæðaráð þakkar góðar tillögur sjálfsmatsnefndar og er brugðist við þeim á eftirfarandi hátt:

1. Skólinn er að hefja breytingaferli varðandi sjálfsmat/innra mat skólans og mun þessi liður verða mótaður þar
2. Skólinn er að hefja ferli í starfsþróunaráætlunum og verður þessi liður tekinn fyrir í þeirri vinnu
3. Sama ferli fer í gang og í lið númer 2
4. Gæðaráði þykir ekki ráðlagt að setja upp umsjónarkennara-kerfi og vill halda því formi sem er unnið eftir í dag
5. Að eineltisráð móti leiðir til að kynna eineltisáætlunina og leiðir til tilkynninga

## 4. Frammistaða ferla, samræmi vöru, útskrift áfanga og

### útskrift námskeiða

Endurskoðun skjala í gæðahandbókinni hélt áfram á skólaárinu 2023-2024. Gæðaráð fundaði alls fimm sinnum á hvorri önn og vann stöðugt að umbótum.

Í upphafi annar fór gæðastjóri og gæðaráð yfir þau atriði sem tekin eru fram í Verkefnalista gæðastjóra og gæðaráðs, GÁT-999, og vinna þarf að í upphafi annar.

Þá voru námsmatsreglur uppfærðar í samræmi við breyttar áherslur, gæðastjóri stýrði vinnu við að leggja fyrir Vinnuumhverfisvísi Vinnueftirlitsins fyrir starfsfólk skólans. Í framhaldi af þeirra vinnu fór Öryggisnefnd yfir athugasemdir og útbjó úrbótaáætlun sem unnið var eftir á skólaárinu.

Sjálfsmat skólans var lagt fram til endurskoðunar á gæðaráðsfundi og breytingar gerðar á

áfangakönnun skólans. Þá var kveðið að fara yfir starfslýsingar og endurgera þær á nýju ári. Sú vinna er enn í gangi þegar þessi skýrsla er rituð.

Í dagskóla á haustönn 2023 stóðust 81% áfanga af þeim sem hófu nám en 19% ekki. Í fjarnámi stóðust 67% áfanga af þeim sem hófu nám en 33% ekki.

Í dagskóla á vorönn 2024 stóðust 91% áfanga af þeim sem hófu nám en 9% ekki. Í fjarnámi stóðust 79% áfanga af þeim sem hófu nám en 21% ekki.

Á vorönn var unnið að því að setja formlega upp hlutverk nefnda og ráða en þeirri vinnu er ekki lokið enn. Áfram var haldið að þróun GÁT-021, verkferill útbúinn fyrir Erasmus verkefni, útbúinn verkefnalisti sem ætlaður er öllu starfsfólki sem eru "einstæðir" í sinni vinnu að fylla út svo auðveldara sé að taka við þeim störfum fyrir þá sem á eftir koma og ákveðið að útbúa viðmið um viðurkenningar hjá brautskráningarnemendum.

## 5. Úrbætur

Helstu úrbætur haustannar voru eftirfarandi:

- Námsmatsreglur uppfærðar og samþykktar
- Skjalið Lög og reglur, STS-009, uppfært
- Hagaðilagreining yfirfarin
- Móttaka nýs starfsfólks, GÁT-017, uppfært í samráði við starfsfólki verknámshúss
- Nýtt fyrirkomulag áfangakannana sett upp og samþykkt
- Úrbótaáætlun vegna vinnu starfsfólks við vinnuumhverfisvísi Vinnueftirlitsins framfylgt
- Unnið að skjali/ferli vegna upplýsingaflæðis
- Stofnaður vinnuhópur um endurmenntun starfsfólks
- Stofnaður vinnuhópur um vinnuaðstöðu starfsfólks
- Úrbótaáætlun vegna heimasíðu sett upp og kemur til framkvæmdar á næstu önn
- STS skjölum fjölgað í samræmi við stefnur á heimasíðu

Helstu úrbætur vorannar voru eftirfarandi:

- Rýni deildarstjóra á námsmatspáttum var breytt
- Áfangakönnun var breytt og gæðaviðmiðum breytt í kjölfarið
- Hafist var handa við að skrasetja á einn stað hlutverk nefnda og ráða
- Unnið var að því að fá skjalvistunarkerfi í gegnum GoPro fyrir gæðakerfið
- Rýni stjórnenda var breytt og sett upp á aðgengilegri hátt
- Hafist var handa við að setja upp handbók fyrir starfsfólk heimavistar
- Lokið var við gerð skjals um upplýsingaflæði
- Breytingar gerðar á GÁT-021
- Verkferill fyrir Erasmus umsóknir kennara var settur inn í gæðakerfið
- Verkefnalisti fyrir starfsfólk sem sinnir öðrum störfum en kennslu búinn til og starfsfólk beðið um að fylla helstu verkefni inn í hann

- Innri úttekt fór fram og úrbætur í kjölfar hennar unnar
- Rætt um að setja saman viðmið um viðurkenningar á brautskráningarnemendum.



## 6. Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda

Hér að neðan má sjá aðgerðir sem við framkvæmdum í kjölfarið á fyrri rýni stjórnenda. Helstu atriðin eru þessi:

- Frávikum úr innri úttektum vorannar fylgt eftir
- Gæðahandbók var kynnt á starfsmannafundi að hausti
- Gæðastefna var kynnt starfsfólki og þeim gefinn kostur á að senda athugasemdir
- Flokkun skjala kynnt fyrir starfsfólki
- Skjöl sem tengjast námsmati voru yfirfarin, einhverjum eytt og öðrum breytt
- Hagaðilagreining var yfirfarin
- Minnst á hnapp á heimasíðu til að koma að ábendingum
- Gæðakerfinu var haldið í fullri virkni

Þau atriði sem ekki tókst að fylgja eftir og þurfa að fara á listann aftur í þessari rýni eru:

- Rekstrarhandbók þarf að birta á heimasíðu
- Tryggja þarf útgefinn skjöl
- Lesa yfir alla verkferla og gátlista varðandi skjöl og skrár og laga
- Athuga með pósthólf gæðastjóra

## 7. Breytingar sem gætu haft áhrif á gæðastjórnunarkerfið

### (þ.m.t. gæðastefna og markmið)

Í skólanum standa yfir breytingar á námsmati í áföngum þar sem verið er að hverfa frá lokaprófum og fara alfarið yfir í símat. Unnið er að því að breyta verkferlum og öðrum skjölum er varða námsmat og er stefnt að því að ljúka þeirri vinnu á vorönn 2024.

Ýmsir þættir hafa áhrif á starf skólans, námsframboð hans og áherslur. Þar má nefna námskrár sem menntamálayfirvöld samþykkja eftir tillögum skólans. Þar koma einnig inn samfélagslegir þættir svo sem eftirspurn nemenda og atvinnulífs eftir námi á ákveðnum námsbrautum, breytingar á atvinnulífi, árgangastærðir upp úr grunnskóla og aðrir ytri þættir.

## 8. Tillögur um umbætur

Á haustönn 2024 liggja fyrir nokkur atriði sem vinna þarf í. Meðal þeirra eru að:

- Rekstrarhandbók þarf að birta á heimasíðu
- Tryggja þarf útgefin skjöl
- Lesa öll skjöl varðandi skjöl og skrár yfir og laga
- Athuga með pósthólf gæðastjóra
- Tryggja að úrbætur úr úrbótaáætlun vinnuumhverfisvísis Vinnueftirlitsins séu fullunnar
- Tryggja að úrbætur úr úrbótaáætlun heimasíðu séu fullunnar
- Fullvinna skjal um upplýsingaflæði
- Vinna starfslýsingar
- Klára að endurvinnna lýsingu á stoðkerfi skólans
- Fylgja eftir vinnu um endurmenntun starfsfólks og bættu vinnuaðstöðu
- Vinna að hlutverkum og skipun nefnda og ráða
- Uppfæra sjálfsmatsáætlun skólans og setja inn fleiri kannanir sem hafa dottið upp fyrir undanfarin ár
- Vista verkefnalista starfsfólks í GoPro
- Útbúa handbók gæðakerfisins

## 9. Sóknarfæri

Ýmis sóknarfæri eru enn til staðar varðandi framkvæmd gæðakerfis skólans. Þar á meðal má nefna flæði á milli sjálfsmats, innra mats og innri úttekta og framkvæmd funda m.t.t. tímasetninga. Einnig erum við enn að vinna að útgáfu og vistun skjala í gæðakerfi skólans. Það sér þó fyrir endann á því ferli þar sem gengist hefur verið að tilboði á gæðakerfi í tengslum við notkun á GoPro. Innleiðins á starfsþróunaráætlun starfsfólks og skólans í heild sinni verður verkefni sem ljúka á fyrir haustið 2025 og þá ætla stjórnendur að stofna vinnuhóp með það að markmiði að skrifa siðareglur skólans.

## 10. Aðgerðalisti

Númer á einstökum efnisatriðum hér að neðan vísa á sama kaflanúmer í Skýrslu fyrir rýni stjórnenda vor 2023.

AÐGERÐALISTI VEGNA RÝNI STJÓRNENDA vor 2024			
Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
<b>2</b>	<b>Innri úttektir</b>		
	Fylgja eftir úrbótaáætlun fyrir heimasíðu	Gæðastjóri	Des 24
	Fylgja eftir úrbótaáætlun fyrir Vinnuumhverfivísi Vinnueftirlitsins	Gæðastjóri	Des 24
	Ljúka við úrbætur úr úrbótaskýrslu innri rýni janúar 2024	Gæðastjóri	Okt 24
	Ljúka við úrbætur sem fram komu í viðhaldsúttekt í mars	Gæðastjóri	Okt 24
<b>3</b>	<b>Endurgjöf frá viðskiptavinum og notendum</b>		
	Þróun og skipulag á könnunum - sett í ferli samhliða nýju formi á sjálfsmati skólans og innra mati.	Skólastjórnendur	Haust 25
	Starfsmenntun kennara og Moodle – sett í ferli samhliða starfsþróunaráætlunarvinnu	Skólastjórnendur	Haust 25
	Kynna fyrir nemendum hvernig tilkynna megi einelti, áreiti eða annað ofbeldi.	Eineltisráð	Vor 25
<b>4</b>	<b>Frammistaða ferla, samræmi vöru, útskrift áfanga og námskeiða</b>		
	Rýna líklegar ástæður fyrir hærra hlutfalli þeirra sem ljúka við áfanga á vorönn en á haustönn.	Gæðaráð	Maí 25
<b>5</b>	<b>Staða úrbóta</b>		
	Námsmatsreglur uppfærðar og samþykktar	Áfangastjóri og aðstoðarskólamei stari	Haust 23
	Skjalið Lög og reglur, STS-009, uppfært	Gæðastjóri	Sept 23
	Hagaðilagreining yfirfarin	Gæðaráð	Sept 23
	Móttaka nýs starfsfólks, GÁT-017, uppfært í samraði við starfsfólki verknámshúss	Gæðaráð	Sept 23
	Nýtt fyrirkomulag áfangakannana sett upp	Verkefnastjóri sjálfsmats	Okt 23
	Úrbótaáætlun vegna vinnu starfsfólks við	Gæðastjóri	Nóv 23

	vinnuumhverfisvísi Vinnueftirlitsins framfylgt		
	Unnið að skjali/ferli vegna upplýsingaflæðis	Gæðastjóri	Haust 23
	Stofnaður vinnuhópur um endurmenntun starfsfólks	Skólameistari	Nóv 23
	Stofnaður vinnuhópur um vinnuaðstöðu starfsfólks	Skólameistari	Nóv 23
	Úrbótaáætlun vegna heimasíðu sett upp og kemur til framkvæmdar á næstu önn	Gæðastjóri	Des 23
	STS skjölum fjölgað í samræmi við stefnur á heimasíðu	Gæðastjóri	Des 23
	Rýni deildarstjóra á námsmatspáttum breytt	Aðstoðarskólameistari	Jan 24
	Áfangakönnun breytt og gæðaviðmiðum í kjölfar þess	Verkefnastjóri innra mats og gæðastjóri	Febrúar 2024
	Rýni stjórnenda sett upp á aðgengilegri hátt	Gæðastjóri	Vor 2024
	Skjal um upplýsingaflæði búið til	Gæðaráð	Vor 2024
	Verkefnalisti fyrir starfsfólk búinn til	Gæðaráð	Vor 2024
	Verkferill fyrir Erasmus verkefni útbúinn	Alþjóðafulltrúi	Vor 24
<b>6</b>	<b>Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda</b>		
	Rekstrarhandbók þarf að birta á heimasíðu	Gæðastjóri/verkefnastjóri heimasíðu	Maí 25
	Tryggja þarf útgefinn skjöl	Verkefnastjóri skjalavörslu	Maí 25
	Lesið yfir verkferla og gátlista varðandi skjöl og skrár og laga það sem þarf	Gæðastjóri	Des 24
	Athuga með pósthólf gæðastjóra og einstakra starfa innan skólans	Gæðastjóri	Des 24
<b>7</b>	<b>Breytingar sem gætu haft áhrif á gæðastjórnunarkerfið (þ.m.t. gæðastefna og markmið)</b>		
	Væntanleg viðbygging í verknámshúsi		
	Innleiðing á nýjum námsmatsaðferðum		
	Innleiðing á skjalavistunarkerfi í GoPro		
<b>8</b>	<b>Tillögur um umbætur</b>		
	Rekstrarhandbók þarf að birta á heimasíðu	Gæðastjóri og verkefnastjóri heimasíðu	Maí 25
	Tryggja þarf útgefin skjöl	Gæðastjóri og verkefnastjóri skjalastjórnar	Maí 25

	Lesið öll skjöl varðandi "skjöl og skrár" yfir og laga	Gæðastjóri og verkefnastjóri skjalastjórnar	Des 25
	Athuga með pósthólf gæðastjóra og annarra	Gæðastjóri	Des 25
	Tryggja að úrbætur úr úrbótaáætlun vinnuumhverfisvísis Vinnueftirlitsins séu fullunnar	Gæðastjóri	Des 24
	Tryggja að úrbætur úr úrbótaáætlun heimasíðu séu fullunnar	Gæðastjóri	Des 24
	Vista verkefnalista starfsfólks í GoPro	Gæðastjóri	Des 24
	Vinna starfslýsingar	Skólastjórnendur	Maí 25
	Klára að endurvinnu lýsingu á stoðkerfi skólans	Skólastjórnendur	Maí 25
	Fylgja eftir vinnu um endurmenntun starfsfólks og bættu vinnuáðstöðu	Skólameistari	Maí 25
	Vinna að hlutverkum og skipun nefnda og ráða	Gæðastjóri	Des 24
	Uppfæra sjálfsmatsáætlun skólans og setja inn fleiri kannanir sem hafa dottið upp fyrir undanfarin ár	Verkefnastjóri heimasíðu	Des 24
<b>9</b>	<b>Sóknarfæri</b>		
	Gefa út handbók gæðakerfisins	Gæðastjóri	Maí 25
	Skrifa verklag um skjalastýringu	Verkefnastjóri skjalavörslu	Des 24
	Innleiða starfsþróunaráætlun skólans og starfsfólks	Stjórnendur	Haust 25
	Síðareglur FNV	Stjórnendur	Haust 25

Ef starfsmaður sér tækifæri til umbóta á skólastarfsemi eða nauðsyn á forvörnum lætur hann gæðastjóra vita með tölvupósti